

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, félags- og tryggingamálanefnd  
Hildur Eva Sigurðardóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2010 02-2010040986  
T-ums 26/10

*Alþingi 138/1844  
Erindi nr. P 29.4.2010  
komudagur*

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna í íbúðarhúsnæði - 561. mál, þskj. 951.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 21. apríl 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna í íbúðarhúsnæði - 561. mál, þskj. 951.


Frumvarpið hefur í fyrsta lagi að geyma úrræði fyrir einstaklinga sem setið hafa uppi með tvær fasteignir frá október 2008 vegna kaupa á fasteign til að halda heimili án þess að unnt hafi verið að selja hina eldri. Í öðru lagi hefur frumvarpið að geyma ákvæði um ráðstöfun afborgana af lánasamningum sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki. Markmið frumvarpsins er m.a. það að koma sem flestum í gegnum þær efnahagslegu þrengingar sem glímt er við á Íslandi í dag.

Í 5. gr. núgildandi laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafa, kemur fram að umsjónarmaður skuli reikna, að teknu tilliti til framfærslukostnaðar og annarra eðlilegra útgjalda, hvað skuldara sé kleift að greiða af þeim skuldum sem greiðsluáðlögun tekur til. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir eru lagðar til breytingar á framangreindu ákvæði. Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að nauðsynlegt er að samræma þau viðmið sem umsjónarmönnum ber að taka mið af þegar framfærslukostnaður er reiknaður. Með samræmdum viðmiðum yrði þannig tryggt að framfærslukostnaður væri ekki metinn mismunandi allt eftir því hvaða umsjónarmaður á í hlut.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til athugasemda.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir